

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjármagnstekjuskatt af inneignarvöxtum skuldara vegna endurútreiknings lána.

Frá Línaik Önnu Sævarsdóttur.

1. Í hve mörgum tilfellum frá og með árinu 2012 hafa inneignarvextir skuldara sem myndast hafa vegna endurgreiðslu fjármálafyrirtækja í kjölfar endurútreiknings lána með ólögmeta gengistryggingu, sbr. ákvæði til bráðabirgða XL í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, verið taldir skuldara til fjármagnstekna? Hver er heildarfjárhæð fjármagnstekjuskatts sem innheimtur hefur verið á þessum grundvelli? Svar óskast sundurliðað eftir tekjuárum.
2. Hefur framkvæmd skattheimtu á þessum grundvelli verið breytt í kjölfar úrskurðar yfirskattanefndar í máli nr. 239/2016?
3. Telur ráðherra koma til greina að breyta lögum í þá veru að fyrrgreindir inneignarvextir teljist ekki til fjármagnstekna, líkt og kveðið er á um fyrir árin 2010–2011 í ákvæði til bráðabirgða XL í lögum um tekjuskatt, og eftir atvikum að endurgreiða skuli fjármagnstekjuskatt sem greiddur hefur verið á framangreindum forsendum?
4. Hafa komið upp vandkvæði við framkvæmd ákvæðis til bráðabirgða XL í lögum um tekjuskatt?

Skriflegt svar óskast.
